

Skólaráðsfundur 9. nóv 2016 kl. 17:10

Mætt: María Shanko skólastjóri, Jóhanna Óladóttir, Hólmfríður Lúðvíksdóttir, Jóna Björg Sveinsdóttir, Freyja Jónsdóttir, Iryna Boiko, Þorsteinn Kristjánsson (mættur 17:35).

1. Fulltrúar í skólaráð

Farið yfir þá sem kostnir voru í skólaráð til tveggja ára 8. júní 2015. Einhverjir eru ekki lengur búsettir á Borgarfirði og eins hafa nemendur útskrifast.

Iryna Boiko, Smáragrund, var kosin varamaður foreldra leikskólabarna.

Þorsteinn Kristjánsson verður í vetur fulltrúi grenndarsamfélagsins. Iryna er líka varamaður fyrir hann.

Þar sem ekki eru nemendur í efstu bekkjum skólans ætla María að kanna hvort nemendur á yngra- og miðstigi geta setið í skólaráði.

2. Skóladagatal.

Farið yfir skóladagatal og kynntar breytingar sem hafa orðið :

- Lenging á jólafríi á leikskóla um tvo daga. Síðasti dagur leikskóla verður 20. des.
- Skólaferð til Reykjavíkur í vor í tengslum við vanaheimsókn í Landakotskóla.
- Menntaþingi sem var á dagskrá í haust frestað fram í mars. Taka þá fyrir matarræði sem er þema skólans í vetur í tengslum við Heilsueflandi skóla.

Í framhaldi af þessari umræðu rætt um viðburði í skólanum þar sem samstarf skóla og foreldra er í fyrirrúmi s.s. tombóla, jólaföndur, litlu-jól, öskudagsskemmtun. Fækkað hefur í foreldrahópnum og meiri vinna leggst því á færri hendur, því ákveðið að leita til félagasamtaka á staðnum eftir aðstoð við að halda þessa viðburði.

3. Heilsueflandi skóli.

Ákveðið að taka þetta umræðuefni fyrir á næsta skólaráðsfundi.

4. Starfsmannahald og nemendafjöldi.

Stöðuhlutföll við leik- og grunnskólanum í vetur eru: tveir kennarar og skólastjóri í 100 % starfi .

Skólaliði í 90 % starfi og svo starf við frístund sem Tania Leclercq hefur séð um þetta misserið, 70 mínútur 4 sinnum í viku en eftir áramót vantar staðgengil. Lagt var til að fá einhvern eða einhverja úr ungmennafélaginu til að taka það að sér.

Nemendur við grunnskólann eru fjórir og nemendur leikskólans einnig fjórir.

5. Grænfánavinnan.

Farið yfir verkefni vetrarins í tengslum við þau þemu sem ákveðin voru í fyrrahaust þ.e. orka, úrgangur, lýðheilsa, áttahagar. Allir nemendur skólans eru í umhverfisnefnd og elsti nemandinn sem er í 6. bekk formaður nefndarinnar. Í fyrsta skipti er elsti nemandi leikskólans í umhverfisnefnd og tekur þátt í grænfánastarfinu sem þar er unnið. Í fyrsta skipti í haust notað nýtt umhverfismat sem landvernd hefur gefið út fyrir Grænfánaskóla til að nota.

6. Útileiksvæði.

Rólurnar eru ekki lengur viðurkenndar af HAUST og þarf Borgarfjarðarhreppur að fjarlægja þær hið fyrsta. Leiktæki eru á innkaupalistanum hjá hreppsnefnd. Einnig rætt um stækkun á útileiksvæði.

Hugmynd um útileiksvæði fyrir fullorðna og börn. Athuga með að þrýsta á hreppsnefnd að gera eitthvað í þeim málum.

7. Farið yfir starfsáætlun.

Ræddar breytingar og spurningum svarað. T.d. Breytingar á tímasetningum á stundaskrá og leikskólaviðveru. Frístundar fyrirkomulagið útskýrt og að tónlistarkennarinn sinni upplýsingatækni í tvöföldum valtíma nemenda 8 vikur fyrir áramót og 8 eftir áramót. Lesin var umgjörð læsisstefnu.

8. Önnur mál.

Fulltrúar í ráði voru spurðir að því hvort þeir hefðu önnur mál til að ræða. Enginn lagði til nokkurs.

Annað ekki gert og fundi slitið kl. 18:10.

Jóna Björg ritaði

15.11.2016

[María hafði samband við Menntamálaráðuneytið og fékk þau svör að í fámennum skóla sem þessum væri hægt að sækja um undanþágur og færa rök fyrir því, t.d. fækkun fulltrúa í skólaráði og hafa ekki starfandi nemendaráð í skólanum en nefna hvar og hvernig rödd nemenda fær að heyrast.

Hún mun sækja um undanþágu þess efnis að: sami varamaður geti verið fyrir tvo fulltrúa og sleppa nemendaráði þetta árið, á móti verður Júlíus með í skólaráði á skólaárinu og Páll varamaður hans.]